

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR ÚTIHÁTÍÐIR.

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998  
um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Útihátíð er samkoma sem haldin er utanhúss vegna hátíðahalda eða skemmtana fyrir almenning, á takmörkuðu svæði og stendur yfir í meira en þrjár klukkustundir, svo sem bæjarhátíðir.	Rg. 941/2002, 3. gr.	
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins á því svæði og fyrir þann viðburð sem tiltekin er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki sveitarfélagsins/landeiganda og annarra sem hlut geta átt að máli.	Rg 941/2002, 13. gr.	
1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rg. 941/2002 13.gr.	
1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	Rg 941/2002, 13.og 14. gr.	
1.5 Þess skal sérstaklega gætt við staðsetningu samkomusvæðis að gestir verði ekki fyrir ónæði frá umhverfinu og ónæði berist ekki frá samkomusvæði til nálægra íbúðasvæða. Auk þess skal fara eftir ákvæðum í reglugerð um hávaða, nr. 724/2008.	Rg 941/2002 22.gr. Rg. 724/2008	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Húsnæði sem notast á við í tengslum við útihátíðina skal vera vel við haldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	Rg 941/2002, 14. gr.	
2.2 Ef ræstiaðstaða er til staðar skal hún vera læst og lofræst. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	Rg 941/2002, 14. gr.	
2.3 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rg. 536/2001	
2.4 Gestir skulu hafa aðgang að snyrtingum og skal staðsetning þeirra ákvörðuð í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Ef skipuleggjandi	Rg 941/2002, 32. gr.	

hátiðarinnar ætlað að nýta aðgang að öðrum almenningssalernum skal afla samþykkis fyrir því hjá viðkomandi eiganda/rekstraraðila. Er varðar fjölda snyrtinga skal taka mið af fylgiskjali 2 í reglugerð um hollustuhætti.		
---	--	--

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

Rgl.nr. Uppfyllt

3.1 Fjöldi og dreifing ruslabiða skal taka mið af stærð mótsvæðis og umfangi hátiðarinnar í samráði við heilbrigðiseftirlit. Mælst er til að viðunandi sorpflokkun fari fram og sorpílát tæmd a.m.k. daglega.	Rg. 941/2002, 32. gr.	
3.2 Svæðið skal þrifist jafnóðum og eigi sjaldnar en daglega. Í lok úтиhátiðar skal rekstraraðili láta fara fram allsherjarhreinsun á svæðinu, fjarlægja allt rusl og þau mannvirki sem notuð voru sérstaklega vegna úтиhátiðarinnar.	Rg. 941/2002, 32. gr.	
3.3 Rekstraraðili skal sjá um að snyrtingar séu þrifnar a.m.k. daglega eða eins oft og þurfa þykir. Ef um gámasalerni er að ræða skulu þau og tæmd reglulega.	Rg. 941/2002. 14. gr.	
3.4 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002.	

### 4. MATVÆLI

Rgl.nr. Uppfyllt

4.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	
---	--------------------	--

### 5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

Rgl.nr. Uppfyllt

5.1 Á leiksvæðum barna skal skal fara eftir reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	Rg. 942/2002	
5.2 Rekstraraðili skal sjá til þess að öryggisgæsla sé nægileg	Rg. 941/2002, 32. gr.	
5.3 Hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til	Rg. 941/2002 14. gr.	


## 6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

	Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
6.2 Reglur um akstur á svæðinu skulu vera sýnilegar og akstursleiðir afmarkaðar eftir því sem við á.	Rg 941/2002. 14. gr.	
6.3 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	Rg. 806/1999	
6.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg. 798/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 msb, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, msb, reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Átvinnugreinaflokkur (ISAT): 92.34 önnur ótalín menningar- og afþreyingarstarfsemi.

Reykjavík 12.07.2018  
  
 Kristín Linda Árnadóttir

